



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 6. maí, 2010

Ákvörðun nr. 11/2010

Kaup IP verktaka ehf. á Íslenskum aðalverktökum hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 1. mars 2010 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup IP verktaka ehf. (hér eftir IP verktakar) á Íslenskum aðalverktökum hf. (hér eftir ÍAV). Var samrunaskráin í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og reglur nr. 854/2008. IP verktakar eru dótturfélög Marti Holding AG

Með bréfi sem berst Samkeppniseftirlitinu þann 8. desember 2009 hafði Arion banki hf. (þá Kaupþing banki) tilkynnt Samkeppniseftirlitinu um yfirtöku sína á Drögum ehf. móðurfélags ÍAV. Í kjölfar tilkynningar Arion banka aflaði Samkeppniseftirlitið ýmissa gagna um verktakamarkaðinn m.a. um veltu og markaðshlutdeild samrunaaðila.

II.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður í yferráðum til frambúðar við það að fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki. sbr. b-liður 1. mgr. Samkeppniseftirlitið telur að kaup IP verktaka á öllu hlutafé í ÍAV teljist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Eini hluthafi IP verktaka er samkvæmt upplýsingum Samkeppniseftirlitsins Marti Construction ehf. sem er í eigu Marti Contractors Ltd. sem aftur er í eigu Marti Holding AG. Starfsemi Marti Holding AG á Íslandi hefur samkvæmt samrunaskrá hingað til takmarkast við þátttöku í gerð Óshlíðarganga. Hafa þau verið grafin af sameignarfélaginu Ósafl sf. sem er í jafnri eigu Íslenskra aðalverktaka og Marti Contractors Ltd. Skv. samrunaskrá starfar Marti Holding AG og dótturfélög þess nær eingöngu á verktakamarkaði á sviði mannvirkjagerðar víðs vegar um Evrópu auk Indlands og Kína. Helstu verkefni félagsins á Íslandi skv. samrunaskrá hafa verið gerð snjóflóðavarnargarðs við Bolungarvík og gerð Óshlíðarganga í samstarfi við ÍAV.

ÍAV starfa á verktakamarkaði að hvers kyns mannvirkjagerð. Hefur starfsemi félagsins að meginstefnu til verið takmörkuð við Ísland skv. samrunaskrá.

Það er mat samrunaaðila að við samrunann verði einungis lítilsháttar aukning í markaðshlutdeild þar sem velta Marti Holding AG á Íslandi hefur verið óveruleg. Telja samrunaaðilar að enginn einn aðili hafi meira en 10% markaðshlutdeild á verktaka markaðnum en að á honum starfi nokkur fjöldi öflugra félaga. Rannsókn



Samkeppniseftirlitsins bendir ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist með samrunanum.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir telur Samkeppniseftirlitið að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðunum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til þess að aðhafast frekar vegna samruna IP verktaka ehf. og Íslenskra aðalverktaka ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson